

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ ÞÓR



Persónuverndarstefna Þórs

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Íþróttafélagið Þór byggir persónuverndarstefnu sína á landslögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sm gildi tóku 27. Júní árið 2018.

Í II. kafla laganna kveður meðal annars á um megin reglur um vinnslu persónuupplýsinga í 8.gr og 9.gr sem sérstök ástæða þykir að tiltaka í persónuverndarstefnu Íþróttafélagsins Þórs. Áttunda og níunda grein laganna eru svo hljóðandi:

8. gr. Meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga.

1. að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða;
2. að þær séu fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi; frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum; persónuupplýsingum sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal eyða eða leiðrétta án tafar;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða einstaklinga lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu; heimilt er að geyma persónuupplýsingar lengur að því tilskildu að vinnsla þeirra þjóni einungis skjalavistun í þágu almannahagsmuna, rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi og að viðeigandi öryggis sé gætt;
6. að þær séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt.

9. gr. Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhver eftirfarandi þátta sé fyrir hendi eftir því sem nánar er lýst í 6. gr. reglugerðarinnar:

1. hinn skráði hafi gefið samþykki sitt fyrir vinnslu á persónuupplýsingum sínum í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða;
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með;
6. vinnslan sé nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður gætir nema hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefjast verndar persónuupplýsinga vegi þyngra, einkum þegar hinn skráði er barn.

Íþróttafélagið Þór leggur sérstaka áherslu á að hlýta í einu og öllum þessum reglum í 8.gr og 9.gr laganna (sem og öðrum reglum) um réttindi félagsmanna sinna og annarra þeirra sem sem kunna að hafa skráðar persónuupplýsingar hjá félaginu. Vísað er sérstaklega til þessara réttinda einstaklinga í III. Kafla laga um Persónuvernd og vinnslu persónu upplýsinga;

17. gr. Meginreglur um gagnsæi upplýsinga, rétt hins skráða til upplýsinga og aðgangs og undantekningar frá rétti hins skráða.

- Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja gagnsæi upplýsinga og tilkynningar til skráðs einstaklings samkvæmt fyrirmælum 12. gr. reglugerðarinnar svo að hann geti neytt upplýsingaréttar síns og réttar til aðgangs.



- Hinn skráði á rétt til upplýsinga um vinnslu, hvort sem persónuupplýsinga er aflað hjá honum sjálfum eða ekki, svo og rétt til aðgangs að persónuupplýsingum um sig samkvæmt fyrirmælum 13.–15. gr. reglugerðarinnar með þeim undantekningum sem greinir í 3. mgr.

Íþróttafélagið Þór skuldbindur sig til að hlýta í einu og öllu lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga hvort sem er við öflunar, vinnslu eða geymslu slíkra upplýsinga.